



Umhverfisstefna Rangárpings ytra 2024–2030



1. Inngangur

Sveitarfélagið Rangárþing ytra er eitt af stærstu sveitarfélögum landsins hvað flatarmál varðar og telur um 2000 íbúa. Rangárþing ytra er nútímalegt og framsækið sveitarfélag sem nýtir þær fjölmörgu áherslur og þau spennandi tækifæri sem staðsetning þess gefur tilefni til. Umhverfismál eru málaflokkur nútímans sem metnaðarfullt sveitarfélag lætur sig varða. Rangárþing ytra vill vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og vera í fararbroddi annarra sveitarfélaga, öðrum til upplifunar og eftirbreytni.

Með það að leiðarljósi vill sveitarfélagið gera búsetu á vel völdum stöðum víðsvegar um sveitarfélagið, í fullu samræmi við aðalskipulag, aðlaðandi og gera góðar aðstæður til almennrar þjónustu enn betri, bæði fyrir íbúa þess, gesti og komandi kynslóðir. Með gerð umhverfisstefnu setur sveitarfélagið sér enn sterkari viðmið og mun leitast eftir að sjálfbærni í umhverfismálum verði höfð að leiðarljósi. Skýr stefna í umhverfismálum gerir sveitarfélagið ákjósanlegt og eftirsóknarvert til búsetu. Umhverfisstefnan er lifandi skjal sem styður stöðuga vinnu til úrbóta á öllum sviðum umhverfismála. Umhverfisstefnan er sýnileg og aðgengileg öllum íbúum og gestum og öllu starfsfólki sveitarfélagsins.

2. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru höfð til hliðsjónar við gerð umhverfisstefnu Rangárpings ytra.

Markmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmið sem mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þeirra efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þau fela einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsældin, friðurinn og samstarfið.

HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



3. Uppbygging umhverfisstefnu

Umhverfisstefna Rangárpings ytra er byggð upp af 9 mismunandi málaflokkum, sem allir byggja á tengslum innbyrðis við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Málaflokkarnir eru:

1. Umhverfisfræðsla
2. Loftslagsmál
3. Úrgangsmál
4. Landgræðsla, skógrækt og önnur landnýting
5. Náttúruvernd og vatnsvernd
6. Samgöngur og skipulag
7. Mengun, hljóðvist og loftgæði
8. Útivist og lýðheilsa
9. Atvinnulíf

3.1 Umhverfisfræðsla



Markmið: Umhverfisfræðsla í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins hefur verið til fyrirmyndar og flagga tveir þeirra grænánanum, sem er alþjóðlegt verkefni umhverfismála. Nemendur í skólunum fá fræðslu um umhverfismál í leik og starfi og taka beinan þátt í skógrækt, útiskóla, hreinsunarátaki og vettvangsferðum eftir því sem aldur og þroski gefa tilefni til.

Markmið Rangárþings ytra er að gera íbúum sveitarfélagsins kleift að axla samfélagslega ábyrgð í meðhöndlun, umgengni og umhirðu um náttúru svæðisins, með umhyggju, verndun og sjálfbærni að leiðarljósi. Nemendur í skólum ásamt starfsfólk sveitarfélagsins fái áframhaldandi kennslu og stuðning í umhverfisfræðslu

Leiðir að markmiði:

- Íbúar Rangárþings ytra hafi auðveldan aðgang að upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins og fræðslu um umhverfismál svo sem loftslagsmál, náttúruvernd, flokkun úrgangs og aðra endurvinnslu.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu eru hvött til að sýna umhverfinu virðingu og setja sér markmið í umhverfis- og loftslagsmálum.
- Öflugt fræðslustarf í grunn- og leikskólum sveitarfélagsins í umhverfismálum. Allir skólar sveitarfélagsins öðlast rétt til að flagga grænánanum.
- Stuðla að aukinni útivist með uppsetningu bekkja við göngustíga og opin svæði.
- Veita viðurkenningar þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem skara fram úr á jákvæðan og umhverfisvænan hátt. Viðurkenningar geti verið veittar

vegna fagurs nærumhverfis á lóðum eða góðra verka sem geta verið öðrum til fyrirmyndar og eftirbreytni.

3.2 Loftslagsmál



Markmið: Rangárþing ytra leggur áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum á loftslag vegna starfsemi þess og mótar sér loftslagsstefnu samkvæmt 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál þar sem sveitarfélögum ber að setja sér loftslagsstefnu sem tekur mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Leiðir að markmiði:

- Sveitarfélagið setji sér loftslagsstefnu.
- Rangárþing ytra verði í samstarfi við Land og skóg og Skógræktarfélag Rangæinga um að auka kolefnisbindingu í formi endurheimtar vistkerfa og gróðursetningu trjáplantna.
- Sveitarfélagið ætlar fram til 2033 að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna eigin reksturs um 40% miðað við árið 2023. Til að ná þessum markmiðum ætlar sveitarfélagið að leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri og kolefnisjafna alla losun sem út af stendur með kaupum á vottuðum kolefniseiningum.

3.3 Úrgangsmál



Markmið: Rangárþing ytra skulu vera leiðandi sveitarfélag í flokkun og meðhöndlun á öllum úrgangi og vinnslu lífræns úrgangs. Sveitarfélagið ætlar að stuðla að framþróun úrgangsmála með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Lágmarka þarf auðlindanotkun og þar með úrgangsmýndun. Stefna heildarstefnu í úrgangsmálum á Íslandi sem út kom 2021.

Leiðir að markmiði:

- Fjárfesta í frekari innviðum til meðhöndlunar og vinnslu á úrgangi.
- Meðhöndla og vinna allan lífrænan heimilisúrgang og nýta hann í sveitarfélaginu til ræktunar eða uppgræðslu.
- Auðvelda aðgengi íbúa á grenndarstöðvum.
- Hvetja íbúa til að deila og auka líftíma hluta, endurvinnna og endurnýta.
- Koma úrgangi í hagkvæman farveg sem hámarkar endurnotkun og endurvinnslu.
- Stuðla að frekari flokkun og þátttöku íbúa með fræðslu og kynningu.
- Hvert heimili í sveitarfélaginu skal flokka úrgang í a.m.k. fjóra flokka, þ.e. blöð og pappambúðir, plastumbúðir, blandaðan heimilisúrgang og lífrænan úrgang.

3.4 Landgræðsla, skógrækt og önnur landnýting



Markmið: Stór hluti Rangárþings ytra eru auðnir og illa farið land og mun sveitarfélagið leggja áherslu á að efla landbótastarf af ýmsu tagi. Landnýting skal vera sjálfbær og í samræmi við landgæði og ástand lands.

Leiðir að markmiði:

- Vinna að endurheimt vistkerfa svo sem votlendis og birkiskóga í samstarfi við Land og skóg, og draga þannig úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Draga úr losun næringarefna í landbúnaði.
- Haldnir verða fræðslufundir fyrir íbúa um skógrækt og landgræðslu í samstarfi við Land og skógur.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða.
- Efnistaka, hvort sem er úr ám eða landi, skuli einungis heimiluð ef brýna nauðsyn beri til og skal slíkt vera auðkennt í skipulagi.
- Ráðast skal í flokkun landbúnaðarlands og gerðar nauðsynlegar breytingar í aðalskipulagi því til stuðnings.

3.5 Náttúruvernd og vatnsvernd



Markmið: Það er stefna sveitarfélagsins að það skuli vera leiðandi á sviði hreinsunar á skólpi frá heimilum og atvinnufyrirtækjum svo að viðkvæmt umhverfi skaðist ekki. Einnig að vera leiðandi á sviði nýtingar á úrgangi framleiðslufyrirtækja. Sveitarfélagið hafi eftirlit með tæmingu rotþróa í dreifbýli og að nýting á seyru verði notuð til landgræðslu. Leggja áherslu á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í sveitarfélaginu. Leggja mat á helstu ógnir, svo sem vegna ágengra tegunda, landeyðingu og mengun.

Leiðir að markmiði:

- Virkt eftirlit með gæðum neysluvatns í vatnsbólum í sveitarfélaginu.
- Virkt eftirlit með ástandi og hreinsun rotþróa.
- Við hönnun nýrra hverfa verði horft til blágrænna ofanvatnslausna.
- Setja á hverfisvernd viðkvæmra staða og náttúrufyrirbrigða í aðalskipulagi.

3.6. Samgöngur og skipulag



Markmið: Sveitarfélagið styðjist við vistvænar samgöngur. Unnin verði áætlun um rafvæðingu ökutækja á vegum sveitarfélagsins. Stuðlað verði að góðu aðgengi að göngu- og hjólastígum og rafhleðslustöðvum við stofnanir og þjónustufyrirtæki.

Það er stefna sveitarfélagsins að stuðlað verði að gerð skipulagsáætlana þar sem mismunandi tegundir lóða og framkvæmdasvæða þurfi að vera til staðar sem hamli ekki eðlilegri uppbyggingu. Landslag og náttúra fái að njóta sín í takt við áformaða uppbyggingu.

Leiðir að markmiði:

- Að hvetja starfsfólk sveitarfélagsins til að nýta sér umhverfisvænan samgöngumáta til og frá vinnu.
- Uppbygging hjóla- og göngustíga verði aukin innan sveitarfélagsins, bæði í þéttbýli og dreifbýli.
- Neikvæð áhrif á umhverfi og loftslag vegna framkvæmda á vegum sveitarfélagsins verði lágmörkuð.

3.7. Mengun, hljóðvist og loftgæði



Markmið: Að draga úr áhrifum hljóðmengunar og ljósmengunar í þéttbýli og loftmengunar í sveitarfélaginu.

Leiðir að markmiði:

- Gerð verði úttekt á hljóðvist og loftgæðum í sveitarfélaginu með áherslu á þéttbýliskjarna í námunda við þjóðveg og iðnaðarsvæði.
- Stuðla að uppsetningu loftgæðamæla í sveitarfélaginu.
- Dregið verði úr lyktarmengun í þéttbýli og mengandi starfsemi fundinn staður án ónæðis við íbúa.
- Götur og stígar verði hreinsað reglulega.
- Gerð verði úttekt á ljós- og myrkurgæðum innan sveitarfélagsins.

3.8. Útivist og Lýðheilsa



Markmið: Íbúar sveitarfélagsins hafi gott aðgengi að útivistarsvæðum til hreyfingar og útivistar, ásamt heilsueflandi þjónustu sem leiði til bættrar lýðheilsu.

Leiðir að markmiði:

- Rangárping ytra heldur áfram að vera virkur þátttakandi í verkefninu “Heilsueflandi samfélag” sem stuðli að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan fyrir alla íbúa.
- Aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar verði eflað enn frekar og íþróttasvæði byggt upp.
- Merktar verði fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu. Bætt verði við gönguleiðum í kringum þéttbýli sveitarfélagsins til dæmis með smíði á göngubrúum yfir Ytri-Rangá og bættri uppbyggingu stíga.
- Með gerð hjólreiðastíga í sveitarfélaginu til að auka útivistamöguleika fyrir íbúa. Stefnt er að því að gerður verður hjólreiðastígur samhliða Suðurlandsvegi og við endurgerð annarra stofn- og tengivega verði gerð breið vegöxl eða samhliða hjólaleið.
- Íbúum verði boðið upp á fræðslu um mikilvægi hreyfingar og útivistar til betri lífshamingju.

3.9. Atvinnulíf



Markmið: Atvinnurekstur í sveitarfélaginu byggist jafnt á hagrænum og umhverfislegum hvötum þannig að rekstur hafi sem minnst neikvæð áhrif á umhverfið.

Leiðir að markmiði:

- Hvetja fyrirtæki til að setja sér stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum og minnka kolefnisspor starfseminnar.
- Virkja nýsköpun í atvinnulífinu í sveitarfélaginu.
- Skoða hverjir eru styrkleikar svæðisins sem virkja mætti betur til atvinnusköpunar.
- Sveitarfélagið, stofnanir og fyrirtæki hafi að leiðarljósi umhverfisvæn innkaup.

4. Eftirfylgni

Sveitarfélagið sinnir eftirfylgni með því að mæla núverandi stöðu á ýmsum þáttum í starfsemi og rekstri. Sveitarfélagið verður með árlega yfirsýn og árangursmælingar til að upplýsa samfélagið um árangur af innleiðingu stefnunnar með heimsmarkmiðin að leiðarljósi. Umhverfisnefnd hefur umsjón með því starfi í samráði við sveitarstjórn og þróar leiðir til þess með þátttöku annarra nefnda eftir starfssviðum þeirra.